



Samningur um leigu á Félagsheimilinu Þórsveri og rekstur mötuneytisþjónustu í húsinu

***Gistiheimilið Lyngholt kt. 530606-1630 (hér er etir leigutaki og verktaki) og
Langanesbyggð kt. 420369-1749 (hér eftir leigusali og verkkaupi) gera með
sér svofelldan samningum um leigu á Félagsheimilinu Þórsveri ásamt rekstri
mötuneytis í húsinu.***

Kafli 1 – Leiga á húsnæði

1. Húsið (Félagsheimilið Þórsver) er leigt til 5 ára frá undirritun þessa samnings. Fyrir 1. maí ár hvert skulu aðilar leigusamningsins leggja fram óskir um endurskoðun ákvæða hans (sjá þó ákvæði um mötuneyti). Leiga fyrir húsið er kr. 150.000.- á mánuði og greiðist fyrirfram. Leigusali greiðir fyrir rafmagn frá byrjun október hvert árs til loka maí hvert ár. Leigutaki greiðir fyrir rafmagn frá júní ár hvert til loka september ár hvert.
2. Um er að ræða allt húsið, samkomusal, eldhús, íbúð á efri hæð og hluta kjallara. Húsnæði tónlistarskólans er undanþegið leigusamningi. Leigutaki tekur húsið á leigu með þeim tækjum og áhöldum sem voru í húsinu við gerð leigusamnings þann 1. maí 2024. Kaup á öðrum tækjum til veitingahúsarekstur eru og verða eign leigusala. Leigutaki gerir þær breytingar á húsinu sem þurfa þykir til að reka þar veitingahús á eigin kostnað að höfðu samþykki og samráði við leigusala.
3. Leigusali sér um allt nauðsynlegt viðhald á húsinu sem telst til viðhalds eiganda að húsum. Leigutaki leggur fram óskir um viðhald undir lok hvers árs (við fjárhagsáætlunargerð) nema um bráðaviðgerð er að ræða. Þá lætur leigutaki vita sem allra fyrst um þær umbætur sem þarf að gera.
4. Leigusali hefur gjaldfrjálsan aðgang að húsinu fyrir fundi sem haldnir eru á vegum sveitarfélagsins og eru undirbúningur og þríf eftir slíka fundi á hendi leigutaka. Veitingasala á slíkum fundum er á vegum leigutaka og greiðist sérstaklega fyrir þær samkvæmt verðskrá.
- 5., Frjáls félagasamtök hafa einnig gjaldfrjálsan (án leigu) aðgang að húsinu á þeim tíma sem ekki er um aðra starfsemi að ræða í húsinu og því verður viðkomið vegna annarra starfsemi. Þessi félög eru: Kvennfélög, Ungmennafélagið, Björgunarsveitin Hafliði, Grunnskóli Þórshafnar, Leikskólinn Barnaból, Félag eldri borgara, Ungmennafélagið. Þessum félagasamtökum er frjálst að koma með veitingar á viðburði sem þau halda. Þau skulu sjá um uppstillingu salar og þríf eftir slíka viðburði. Verði misbrestur á því hefur leigutaki heimild til að innheimta gjald fyrir þríf samkvæmt gjaldskrá. Fyrir viðburði sem þessi frjálsu félagasamtök halda á vegum annarra, s.s. erfidrykkju eða afmæli eða þ.h. skal greiða gjald fyrir leigu samkvæmt gjaldskrá. Leigutaki og leigusali gera með sér sérstakt samkomulag um þríf á húsinu á meðan á skólahaldi stendur og fjallað er um í 2. kafla.



6. Leigusali og leigutaki gera með sé sérstakt samkomulag um að koma upp eftirfarandi búnaði og framkvæmdir:

- a) Kæli, frystigeymslu og geymslu við húsið sem fellur að umhverfinu.
 - b) Hækka gólf í sal þannig að það verði jafnhátt efra palli við inngang. Leigusali leggur til efni en leigutaki vinnu við framkvæmdina. Þetta er gert til að draga úr slysaættu og bæta aðgengi fatlaðra.
 - c) Leigusali sér um snjómokstur bílastæða á sama hátt og við Íþróttamiðstöð og skóla. Leigutaki sjái um snjómokstur við inngang.
 - d) Að setja upp lítinn hitakút við salerni til að fá heitt vatn. Einnig að laga aðgengi fatlaðra að salernum samkvæmt hugmyndum leigutaka og leigusali samþykkir.
 - e) Að koma á skipulagi á nýtingu kjallara þannig að leigutaki geti nýtt hluta hans fyrir geymslu.
 - f) Leigusali og leigutaki skulu gera sameiginlega kostnaðar og framkvæmdaáætlun vegna ofangreindra atriða og skila til byggðaráðs.
7. Leigutaki ber alla ábyrgð á rekstri þeirrar starfsemi sem leigutaki hyggst reka í húsinu og reksturinn verður alfarið á hendi leigutaka sem útvegar veitingaleyfi, vínveitingaleyfi og leyfi Heilbrigðiseftirlits og eldvarnareftirlits.
8. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor sínu eintaki.
9. Segja má upp þessum hluta samningsins með 6 mánaða fyrirvara, hvort heldur er af hendi leigusala eða leigutaka. Uppsögn á þessum kafla hefur ekki áhrif á kafla 2 sem er með sérstök uppsagnarákvæði.
10. Komi upp ágreiningur um framkvæmd samningsins munu samningsaðilar gera allt sem í þeirra valdi stendur til að ná samkomulagi um ágreiningsatriði.

Kafla 2 – Rekstur á mótuneyti

1. Samningur þessi felur í sér að Gistiheimilið Lyngholt sem verktaki mun taka að sér að annast alla umsjón og matreiðslu fyrir mótuneyti Grunnskólans á Þórshöfn og Leikskólans Barnabóls.
2. Verktaki tekur að sér að útbúa og afgreiða máltíðir alla skóladaga fyrir grunnskólann og leikskólann.
3. Skólastjórnendur skulu tilkynna verktaka með mánaðar fyrirvara um daga þar sem ekki er þörf á matreiðslu í mótuneyti m.a. vegna vaktaplans starfsmanna en þetta á ekki við um þá daga sem skóladagatal sem gefið er út í upphafi hvers skólaárs og ber með sér að ekki eru kennsludagar þ.m.t. vetrarfrí, páskafrí, starfsdagar o.þ.h. Fari svo að skólastjórnendur virði ekki framangreindan tímafrest er verktaka heimilt að krefjast greiðslu fyrir veitingu mótuneytisþjónustu viðkomandi skóladag.
4. Verktaki mun gera skólastjórnendum grein fyrir matseðli einn mánuð fram í tímann í senn.
5. Starfsmaður Langanesbyggðar sér um að sækja máltíðir í mótuneytið fyrir leikskólann kl. 11:30 hvern skóladag.
6. Einingarverð sem Langanesbyggð greiðir fyrir þjónustuna er kr. 1050.- pr/máltíð vegna grunnskólans en kr. 940.- fyrir máltíð vegna leikskólans.



7. Reikningar vegna þjónustunnar skulu sendir 20. hvers mánaðar til Langanesbyggðar og greiðast þeir í síðasta lagi þann þriðja næsta mánaðar. Með hverju reikningi skal fylgja sundurliðun á máltíðum og útskýringar eftir því sem við á. Samningurinn er bundinn vísitölu neysluverðs sem var 667,3 stig þann 1. janúar 2026. Verð á máltíðum verður endurskoðað við upphaf hverrar annar, þann 1 janúar og 1 ágúst ár hvert.
8. Framleiðsla á mat fer fram í leiguhúsnæði verktaka í Félagsheimilinu Þórsværi. Grunnskólanemendur neyta matar á staðnum en matur er sendur í leikskólann (s.br. gr. 5).
9. Verktaki sér um þrif á eldhúsi og á matsölum á skóladögum eftir máltíðir. Á meðan á skólastarfi stendur í húsnæðinu kemur Langanesbyggð til móts við verktaka um ýmis mál s.s. þrif á fordyri, gangi inn í sal og þeim stöðum sem skólahald fer fram og er nauðsynlegt fyrir skólahald með lækkun húsaleigu sem gildir þar til skólahaldi í húsnæðinu lýkur.
10. Sveitarfélagið sér um viðhald þeirra tækja og aðstöðu sem er í eigu sveitarfélagsins. Allt viðhald skal framkvæmt í samvinnu við verktaka. Verktaki tilkynnir til sveitarfélagsins ef um bilanir er að ræða og skal gert við tæki og því sem talið er ábótavant til reksturs mötuneytis.
11. Samningurinn er háður samþykki sveitarstjórnar og/eða byggðaráði eftir atvikum og ber sveitarstjórn ábyrgð á honum.
- a) Verktaki áskilur sér rétt til að endurskoða samninginn eða segja honum upp standi Langanesbyggð ekki við samninginn eða samkomulag um viðhald á tækjum, búnaði og húsnæði mötuneytisins.
- b) Langanesbyggð hefur að sama skapi rétt til uppsagnar á þjónustunni ef verulegur brestur verður á framkvæmd og/eða forsendum þjónustunnar.
- c) Þessi uppsagnarákvæði eiga eingöngu við um verktöku við mötuneytisrekstur en ekki um leigu á húsnæði. Uppsögn sem tæki gildi í upphafi vorannar skal berast fyrir upphaf haustannar.
12. Uppsagnarfrestur beggja aðila á kafla 2 er ein önn. Þannig skal uppsögn sem taka á gildi á haustönn berast aðila samningsins við upphaf vorannar. Þetta ákvæði gildir aðeins um þann hluta sem snýr að rekstri mötuneytis.

Þórshöfn 01.03.2026

F.h. Langanesbyggðar

F.h. Gistiheimilisins Lyngholt ehf.

Vottar að rétttri undirskrift og dagsetningu

Nafn og kt.

Nafn og kt.